

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2017, miðvikudaginn 22. nóvember var haldinn 159. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Miðgarði og hófst kl. 12.15. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, Ólafur Þór Zoéga, Eldey Huld Jónsdóttir, Guðfinna Ármannsdóttir og Hafsteinn Númason. Auk þeirra sátu fundinn, Ásgeir Harðarson varamaður Jónu Bjargar Sætran, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Sigbór Magnússon áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Kjalarness, Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs ásamt Margréti Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um málefni Klébergsskóla.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness skoðaði skólalóð Klébergsskóla í fylgd Sigrúnar skólastjóra. Um er að ræða grunnskóla, leikskóla og íþróttamiðstöð og eru afmarkapar lóðir í kringum hverja byggingu. Allar byggingar tilheyra nú Klébergsskóla en voru aðskildar stofnanir þegar þær voru byggðar. Lóðirnar eru stórar og eru að mörgu leyti góðar skólalóðir, en þó eru nokkur atriði sem þarf að bæta. Eftirfarandi eru brýnustu verkefni: Að sem allra fyrst verði afmörkuð örugg gönguleið fyrir leikskólabörn frá leikskólanum yfir að íþróttamiðstöðinni og grunnskólanum en leiðin sem nú er farin er á akstursgötu. Leiktæki eru að skornum skammti og er óskað eftir að fjórar rólur verði settar upp á grunnskólalóðinni og tvær á leikskólalóðinni. Þá bendir ráðið á að kominn er tími til að sinna viðhaldi á leikskólalóð m.a. vegna landsigs og mishæða á stéttum sem veldur slysaættu. Einnig er slysaætta af hálum trépöllum sem eru á grunnskólalóðinni og þarfnast viðhalds.

2. Lagt fram bréf frá borgarritara, dagsett 1. nóvember 2017, um stofnun hverfissjóðs – Samráð við hverfisráð.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness fagnar því að stofnaður verði sjóður sem styrkir hverfistengd verkefni með það að markmiði að efla mannlíf í hverfum borgarinnar með margvíslegum hætti og fegra umhverfið. Enn fremur er það fagnaðarefni að úthlutun eigi að fara fram á vegum hverfisráðanna. Hverfisráð Kjalarness bendir á að þrátt fyrir að Kjalarnes sé fámennnt samanborið við önnur hverfi borgarinnar er það viðfermt og byggðin dreifð. Óskað er eftir að þessar aðstæður verði hafðar í huga við skiptingu fjár milli hverfa.

3. Fram fer umræða um opið hús hverfisráðs Kjalarness sem áætlað er að halda í ársbyrjun 2018.
4. Fram fer umræða um Brautarholtsveginn. Lagt fram svar frá Ámunda V. Brynjólfssonar, umhverfis- og skipulagssviði.
5. Fram fer umræða um Orkuveituveginn.

Íris Þórarinsdóttir, tæknistjóri hjá Veitum, situr á fundinum undir þessum lið..

Fundi slitið kl. 13.15

Sigríður Pétursdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir
Hafsteinn Númason

Guðfinna Ármannsdóttir
Ólafur Þór Zoega